



Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2026

MLSU2VB04

Kennari	Þorsteinn Ingi Hjálmarsson. thorsteinn.hjalmarsson@fss.is	
Viðtalstími	Stofa 122 ,Þriðjudagar 09:15-09:55	
Námsefni	Kennslubókin Hlíðargassuða/Páll Indriði Pálsson Fyrirlestrar, sýnikennsla, umræður og verkleg kennsla.	
Áfangalýsing	Í áfanganum lærir nemandinn MIG/MAG-suðu í efnisþykktum 2 – 6 mm og TIG-suðu í efnisþykktum 1 – 3 mm. Lögð er áhersla á að nemandinn öðlist grunnfærni og þekkingu á suðuaðferðum, að hann þekki mun á þeim, kostum þeirra og göllum og geti soðið stál, ryðfrítt stál og ál. Farið er yfir öryggisbúnað s.s. hlífðarfatnað og hlífar, hættur og helstu varúðarráðstafanir vegna þeirra. Þjálfun í Plasma skurði.	
Námsmat og vægi námsmatspátta	Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn. Til þess að ná áfanga þarf að ná standa öll verkleg próf og skila vinnubók.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Ástundun, vönduð vinnubrögð og virkni	15%
	Smíðaverkefni	20%
	Vinnubók	15%
Verklegt suðu próf	50%	
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. Mætingareglur skólans gilda. https://www.fss.is/is/skolinn-starfid/um-skolann/skolareglur/skolasoknarreglur	

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • gastegundum og gasblöndum sem notaðar eru við suðu á stáli, áli og ryðfríu stáli • hlutverki hlífðargass og réttum stillingum • öllum hlutum suðubyssu og leiðara fyrir MIG/MAG og TIG • virkni suðutækja, drifbúnaði og pólun • virkni viðnámsspólu í MIG/MAG og TIG suðutækjum • ýmsum gerðum kveikinga í MIG/MAG og TIG-suðuvélum • brunahættu vegna straumleiðara • helstu hættum og varúðarráðstöfunum vegna geislunar, hita, reyks, ósonmyndunar og eldfimra efna • hlífðarfatnaði og hlífum við vinnu • skurði á ýmsum málum með plasmaskurðarvélum	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • meðhöndla búnað til suðu • setja rúlluvír í suðutæki • nota TIG- og MIG/MAG suðu til að sjóða saman hluti í ýmsum suðustöðum s.s. PA-BW, PA-FW og PF-FW • gegnumsjóða þunna stálplötu öðru megin frá • nota hlífðarfatnað og öryggisbúnað • skera málma með plasmavélum
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • stilla suðutækin, þ.e. straum, vírhraða, spennu og viðnám • velja rétta spíssa • stilla gasflæði, velja gashulsu og skaut • velja hlífðarbúnað og hlífur í samræmi við aðstæður • meta algengustu suðugalla og greina orsakir þeirra • meta hvaða tæki og búnaður þarf að vera til staðar við plasmaskurð og hvenær henti að beita plasmaskurði	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	17 vikur x 3 klst.	51 klst.
Undirbúningur f. tíma	17 vikur x 3 tímar x 20 mín	17 klst.
Vinnubók	12 klst	12 klst.
Alls		80 klst. = 4 ein*

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 6.-9. janúar	Læra á suðubúnað og suðustöður. Les sem mest um suður og reyna að skoða myndbönd á netinu um suðuaðferðir eins og t.d. á www.youtube.com .	
2. vika 12.-16. janúar	Læra á suðubúnað og suðustöður. Les sem mest um suður og reyna að skoða myndbönd á netinu um suðuaðferðir eins og t.d. á www.youtube.com .	Vinna verkefni heima fyrir hvern tíma.
3. vika 19.-23. janúar	Soðið suða – PA – PF í MIG / TIG	Verkleg hæfni próf í tíma
4. vika 26.-30. janúar	Soðið suða – PG – PC í MIG / TIG	Verklegt hæfni próf í tíma
5. vika 2.-6. febrúar	Soðið suða – PG – PC í MIG / TIG	Verklegt hæfni próf í tíma
6. vika 9.-13. febrúar	Soðið suða – PG – PC í MIG / TIG	Verklegt hæfni próf í tíma
7. vika 16.-20. febrúar <i>Uppbrotsdagur 18. feb</i>	Soðin suða – BW – PW MIG / TIG	Verklegt hæfni próf í tíma
8. vika 23.-27. febrúar <i>Vetrarleyfi 27. feb</i>	Soðin suða – BW – PW MIG / TIG	Tekin staða á verkefnum í vinnubók.
9. vika 2.-6. mars <i>Námsmatsdagur 2. mars</i>	Ýmis suðuverkefni metin Soðin suða – PB – PF – PG – PC – PD – PE – BW - PW MIG / TIG	Miðannarmat
10. vika 9.-13. mars	Soðin suða – BW – PW MIG / TIG	Þjálfun og Æfingar
11. vika 16.-20. mars	Soðin suða – BW – PW MIG / TIG	Þjálfun og Æfingar
12. vika 23.-27. mars <i>Starfshlaup 27. mars</i>	Soðin suða – PW - FW	Þjálfun og Æfingar
13. vika 6.-10. apríl <i>Annar í páskum 6. apríl</i>	Soðin suða – PW - FW	Þjálfun og Æfingar
14. vika 13.-17. apríl	Soðin suða, ál og ryðfrítt stál í ýmsum suðustellingum.	Vinnubók skilað
15. vika 20.-24. apríl <i>Sumard. fyrsti 23. apríl</i>	Soðin suða, ál og ryðfrítt stál	Þjálfun og Æfingar
16. vika 27. apríl-1. maí <i>Dimissio 30. apríl</i>	Plasmaskurður	Þjálfun og Æfingar
17. vika 4.-8. maí <i>Stoðdagur 8. maí</i>	Upprifjun á ýmsum suðustöðum og suðu- aðferðum	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Þorsteinn Ingi Hjálmarsson

Fjölbrautaskóli Suðurnesja